


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is

Freysteinn Gíslason

— sjá bls. 6 — 8.

„Ég hef metnað til þess að fara lengra í tónlist enda er það hún sem heldur mér gangandi og gerir lífið svona fallegt. Að fylgja draumum sínum er eitthvað sem allir æftu að gera, hamingjan býr í draumunum og það er eitthvað sem allir sækjast eftir.“



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 3. september 2015 · 35. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Hjúkrunarheimilið Eyri

Ljósm. Sigurjón J. Sigurðsson.

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP
eBOX



Powertalk á norðan- verðum Vestfjörðum

Laugardaginn 29. ágúst hélt Klettur, POWERtalk deildin á sunnanverðum Vestfjörðum, fyrsta fund vetrarins í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Ætlunin var að stofna deild hér á norðanverðum kjálkanum. Góð mæting var á fundinn og allar líkur á að stofnuð verði hér deild. Búið er að mynda hóp á facebook, „Powertalk á norðanverðum Vestfjörðum“ þar geta áhugasamir nálgast hópinn og óskað eftir inngöngu. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um þennan félagsskap á vefsíðunni

www.Powertalk.is

POWERtalk eru alþjóðleg samtök sem leggja áherslu á einstaklingsmiðaða þjálfun í tjáningu sem skilar árangri, þau virkja fólk til þátttöku í umræðum, býður leiðtogaþjálfun og kennslu í fundarstjórnun. Markmið samtakanna er að gefa einstaklingum hvar sem er í heiminum tækifæri til sjálfsþroska með markvissri þjálfun í tjáskiptum og stjórnun. Stefna samtakanna er að efla frjálsar og opinskáar umræður sem skulu vera án fordóma í stjórnmálum,

félagsmálum, fjármálum, kynþáttamálum og trúmálum.

Fyrsta deild POWERtalk á Íslandi var stofnuð 1973 á Keflavíkurflugvelli og var eingöngu skipuð enskumælandi konum, tveim árum seinna stofnaði Erla Guðmundsdóttir deild í Keflavík. Á þessum tíma hétu samtökin á Íslandi Málfréttir. Það var svo 1977 sem næsta deild var stofnuð. Í fyrstu voru samtökin aðeins ætluð konum en frá 1985 eru þau ætluð bæði körlum og konum.

Víkingahátíð fjölskyldunnar



Laugardaginn 5. september verður Víkingahátíð fjölskyldunnar haldin í fyrsta sinn. Staðsetningin er vel við hæfi nefnilega Haukadalur í Dýrafirði dalur eins mesta víkings sögunnar Gísla nokkurs Súrssonar. Aðgangur að hátíðinni er ókeypis og verður þar allskonar skemmtan í boði að hætti víkinga. Hátíðin hefst kl.14 þann fimmta september og lýkur ekki fyrr en kl.18. Víkingar eru miklir handverksmenn og munu bæði vinna að sínu handverki sem og selja það áhugasömum gestum. Eldsmiðir verða að störfum, krökkum gefst kostur á

að fara á hestbak, farið verður í gönguferð þar sem fetað verður í fótspor Gísla Súrssonar og spákona lítur inn í framtíð gesta. Félagar úr víkingafélaginu Rimmugýgur verða á svæðinu og sýna bardagalistir að hætti víkinga. Víkingatónlist ómar um allan dal og hátíðinni lýkur loks með hringdans víkinga á öllum aldri.

Það eru Gíslastaðir í Haukadal sem standa fyrir Víkingahátíð fjölskyldunnar í góðu samstarfi við víkinga í Dýrafirði. Menningarráð Vestfjarða styrkir hátíðina sem og fyrirtæki.

Höfundarverk Eyvindar kynnt í Skúrinni

Kynning á höfundarverki Eyvindar P. Eiríkssonar verður á Húsinu þriðjudaginn 8. september. „Við verðum þarna í Skúrinni á Húsinu. Elfar Logi og Anna Sigga ætla að lesa upp og ég líka, svo er aldrei að vita nema ég kveði eitthvað. Svo verður Sesar A með okkur og rappar eitthvað ef ég þekki hann rétt,“ segir Eyvindur. Sesar A er listamannsnafn Eyjólfssonar Eyvindar. Höfundarverk Eyvindar er orðið stórt í sniðum, alls um

40 skáldverk. Þar á meðal sjö skáldsögur, átta leikverk, fjórar barna- og unglingasögur, sjö ljóðabækur og nokkar þýðingar.

Nýverið komu út tvær bækur eftir Eyvind. Bækur númer fjögur og fimm í Fuglaseríunni. Í Fugli V er að finna leikverk og í Fugli VI smásögur. „Dagskráin byrjar klukkan átta og allir eru velkomnir og það kostar ekkert inn,“ segir Eyvindur.

smari@bb.is



Eyvindur P. Eiríksson.



Magnús Reynir Guðmundsson, Gísli Halldór Halldórsson, Kristín Hálfánardóttir og Sigurður Pétursson.

Afhending hjúkrunarheimilisins Eyrar

Opið hús var á hjúkrunarheimilinu Eyri laugardaginn 29. ágúst og bygginganefnd Eyrar afhenti Ísafjarðarbæ formlega húsið. Hundruð Ísfirðinga mættu á opnunina og skoðuðu húsakynninn sem eru hin glæsilegustu. Sigurður Pétursson, formaður bygginganefndar rakti tildrög þess að hjúkrunarheimilið var byggt en um árabil höfðu

forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar bent á knýjandi þörf fyrir nútímalegt hjúkrunarheimili á Ísafirði. Í nóvember 2011 undirrituðu Daníel Jakobsson, þáverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Guðbjartur Hannesson, þáverandi velferðarráðherra, samning um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis á Ísafirði. Guðbjartur tók fyrstu skóflu-

stungu hússins í maí 2012 og framkvæmdir hófust það sumar.

Bygginganefndin afhenti bæjarstjóra með táknrænum hætti, skilti með nafni hússins, til merkis um að framkvæmdum væri lokið. Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri ávarpaði samkomuna og þakkaði öllum sem staðið hafa að verkinu og óskaði starfseminni sem þar fer

fram blessunar í framtíðinni.

Eyri er byggð fyrir 30 heimilis-menn í þremur íbúðakjörnum með sameiginlegu eldhúsi, borðstofu og stofu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Auk þess er í húsinu sameiginlegur salur fyrir iðjuþjálfun og samkomur, sjúkraböð og aðstaða til hársnyrtingar.

Í auglýsingu um afhendingu og opnun Eyrar kom fram að við

athöfnina yrði Heilbrigðisstofnun Vestfjarða afhent húsið en frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að stofnunin sjái um rekstur Eyrar. Ekki varð úr því og yfirstjórnendur Heilbrigðisstofnunarinnar voru ekki við opnunina. Hvorki Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra né háttsettir embættismenn úr heilbrigðisráðuneytinu sáu sér fært að mæta.





Útgefandi: Athafnaglesi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Bládamadur: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfn bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum
fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Mannúð

Það er þyngra en tárur taki að verða vitni að þessum hörmungum í veröldinni, mannvönskan og illskan er hreinlega óskiljanleg. Hvernig má það vera að heilu þjóðirnar séu á flóttu og það oftast undan sínum eigin löndum. Hvað fær foreldra til að leggja út á opið haf með börnin sín? Það er ekki eins og þetta sé eitthvað nýtt og ekki endilega sem þetta gerist bara í „Langtíburstuistan“. Við munum öll eftir flóttafólki frá fyrrum Júgóslavíu og við vitum öll hvernig farið var með gyðinga og fleiri minnihlutahópa í heimstýrjöldinni síðari. Við verðum líka að viðurkenna að ráðamenn okkar á þeim tíma voru íslenski þjóð til ævarandi skammar, aldrei er hægt að skáka í skjóli tíðaranda þegar fjölskyldur eru reknar út í opinna dauðann.

Og þegar við sem þjóð ætlum að hysja upp um okkur og leggja eitthvað af mörkum til þjáðra meðbræðra upphafst í myrkum skúmaskotum mantran um að fyrst þurfi að hjálpa okkar eigin minnstu bræðrum. Ekki skal gert lítið úr neyðinni hjá alltof stórum hluta okkar ríku þjóðar en hér þarf enginn að óttast um líf sitt og ekki að leggja á flóttu með börnin sín með ekkert, nákvæmlega ekkert af veraldlegum eignum. Reyndar má skjóta hér inn að það er reyndar ákveðinn þjóðfélagsþáttur sem þarf að óttast um líf sitt, það eru fórnarlömb heimilisofbeldis sem ekki einu sinni eru óhult þegar sambúð við ofbeldismanninn er slitið. Það er verðugt verkefni okkar samfélags að útrýma heimilisofbeldi, fyrsta skrefið er sennilega að hætta þessari meðvirkni, draga ofbeldismennina til ábyrgðar og leyfa þeim ekki að fela sig á bak við friðhelgi heimilisins. Hættum að umbera ofbeldi.

Herferðin „Kæra Eygló“, sem nú geysar á Facebook sýnir að við erum ekki alveg orðin ónær fyrir neyð annarra og við viljum hjálpa. Við skulum samt átta okkur á því að það er langtímaverkefni að aðstoða fjölskyldur á flóttu, fólki ekki hrúgað hingað og þangað og síðan skilað í Kattholt þegar við nenum ekki lengur að sinna þeim. Kannski er verkefnið tvíþætt, neyðaraðstoð sem ætluð er til skamms tíma þar sem einungis grunnþörfum er fullnægt og hins vegar aðstoð við fólk sem hér vill setjast að. En undir öllum kringumstæðum eigum við að taka vel á móti þeim sem hingað vilja koma og þeir skulu njóta sömu réttinda og forréttindahópurinn sem hér fæddist. Áttum okkur á því að samfélag okkar auðgast af menningu, þekkingu og reynslu þegar við gefum nýju fólk tækifæri.

Bæjarins besta óskar Ísfríðingum til hamingju með nýja hjúkrunarheimilið, þetta eru glæsileg húsakynni og ekki ætti að væsa um neinn.

BS

Spurning vikunnar

Telurðu að letrarhæfni barna hafi hrakað undanfarnin ár?

Alls svöruðu 220.
Já, sögðu 161 eða 73%
Bláber, sögðu 59 eða 27%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Aðsend grein



Elfar Logi Hannesson.

Pælum í Listnámsbraut við MÍ

Ég sit hér á kaffihúsi í 101 Reykjavík og lifi mig inn í hlutverk hins latteþjandandi listamanns. Staðurinn er við hæfi djobbs míns því hér er einnig hin myndarlegasta bókaverslun. Það er alveg merkilegt hve bækur og kaffi eiga vel saman. Hér flettir maður einu bóklistaverkinu af öðru inn á milli lattesopa. Reyndar er ég að biða einsog svo oft áður er maður ekki alltaf að biða eftir einhverju. Er að doka eftir flugi vestur eftir mikla óbyggðafærð fyrir austan. Já, óbyggðafærð ég var nefnilega að sýna á hinu einstaka og nýopnaða Óbyggðasetri Íslands. Sýndi þar og sagði ásamt öðrum Ísfríðingi, Einari nokkrum Kárasyni, Grettis sögu Ásmundarsonar. Það er mikið líf hér á bókakaffinu í 101. Haustið er jú tími svo mikilla skemmtilegheita. Leikhúsin vakna úr dvala og kynna brakandi ferskt leikár eitthvað sem mun koma til með að hreyfa við okkur öllum.

Orð sem er nú eiginlega farið að hreyfa full mikið við manni þetta er svona einsog með dægurlögin sem alltof oft eru spiluð. Maður hættir að hlusta. Hvað um það á þessum stað er meðalaldur viðskiptavina í lægri kantinum enda boðar haustið einnig skólaupphaf um land allt. Hér eru allir að bóka sig upp. Svo hitti ég bara einn ungan Vestfirðing sem er fullur tilhlökkunnar í upphafi skólaárs. Ég vind mér að hinum unga nema, enda honum kunnugur. Skil ekkert í hvað hann

er að versla bækur hér fyrir sitt nám við höfum jú þessa fínu Bókhöfðu heima. Ekki stendur á svari: „Nú ég er fluttur í borgina. Er að fara á Listnámsbraut FG. Það eru þrjár brautir þarna mar“, ég ætla í leiklistina“.

Mig setti hljóðan. Þetta var bara nærri einsog hjá séra Sigvalda amen á eftir efninu. Auðvitað vissi ég og veit meira að segja alltof vel að það er engin listnámsbraut heima. Hefur ekki verið en mun óskandi einhvern tímann vera. Þarna er samt alltof mikill efi. Þó sjálfur efist ég ekki um mikilvægi slíkrar brautar við okkar ágæta menntaskóla. Ég þori nærri að taka svo mikil-mennskulega til að orða að færri muni komast að en vilja. Það er nefnilega engin þjóðsaga að Ísafjörður sé menningarbær. Því er í raun bara absúrd og algjörlega út í kött og kanínu að hér sé ekki starfandi listnámsbraut við Menntaskólann á Ísafirði. Ég segi nú bara einsog vinur minn ungi listamaðurinn sem nú nemur við FG: „Hvað eru‘d þið eiginlega að pæla mar?“ Þessi ungi listamaður vill nefnilega miklu heldur og frekar vera heima á Ísó til að mennta sig í því sem hann hefur áhuga á, listum. Þetta er bara sama sagan og um fjallið. Maður fer bara þar sem stuðir er.

Alltof oft hef ég látið mig dreyma um Listnámsbraut á Ísafirði. Hef meira að segja gengið svo langt að fara á fund við ráðamenn þar. Það var frábær

fundur en síðan eru liðin mörg ár og ekkert hefur gerst. Þegar ég er í latteverkum mínum heima ásamt góðum vinum í listinni þá er það nánast alltaf sem þetta umræðuefni ber á góma. Þá fer hugurinn sannarlega á flug og innan klukkutíma erum við búin að plana námsbraut og byggja marga fagra loftkastala eins og okkur latte liðinu er jafnan tamt að gera. Þetta er samt engin loftbóla að listabraut sé það sem vantar í okkar góða menningarbæ. Sjálfur á ég dóttur sem þurfti að fara að heiman til að fara í það nám er henni hugnaðist best. Að sjálfsögðu studdum við foreldranir hana í sínu vali þó gaman hefði verið að hafa hana ögn lengur heima. Hún innritaði sig við Listnámsbraut FB og útskrifaðist þaðan síðasta vor með hæstu einkunn. Þá sló nú föðurhartað mörg aukaslögin.

Við eigum afskaplega frjóa og skapandi æsku á Ísafirði sem og á Vestfirðum öllum. Við viljum veita þeim það besta og skapa þeim aðstæður til að þróast í sinni list. Listnámsbraut við vorn ágæta menntaskóla er stór liður í þeirri keðju. Svo nú skulum við bara hætta að pæla og fara að framkvæma því ekkert gerist án þessi að hafist sé handa. Annars gæti svo farið að við missum bara sjálf af lestinni og framtíðinni.

Elfar Logi Hannesson,
foreldri og lattegjafi



Handavinnuklúbburinn Herkúles



Allt frá árinu 2007 hefur handavinnuklúbburinn Herkúles hist vikulega og iðkað ýmskonar handverk saman, hjá flestum tikka prjónarnir, sumir beita heklunálinni af mikilli list og aðrir sauma í. Þegar Bæjarins besta leit við í Klæðakoti þar sem klúbburinn hittist öll mánudagskvöld, var setið í hverjum stól og

lái vel á öllum. Það var hún Védís og þær á bæjarskrifstofunni sem byrjuðu, sennilega 2007 og svo hafa margir byrjað og margir hætt, sögðu þær en að þessu sinni voru bara konur mættar. Stundum hafa karlmenn mætt og verið duglegir að prjóna enda eru allir velkomnir í Herkúles.

Fundarstaðir klúbbsins hafa

verið víða, einu sinni var það Edinborgarhúsið og svo var það prjónakaffihúsið „Heitt á prjónunum“ sem einmitt var til húsa í Silfurgötu 1 höfuðstöðvum Bæjarins besta. Núna er það Klæðakoti, alla mánudaga og mæting kl. 20:00. Kostar ekkert að mæta en smá kaffiskattur fer í baukinn og það eru allir velkomn-

ir. Þarna hjálpast allir að ef menn reka í vörðurnar með handverkið, meira að segja hefur sumum verið kennt að prjóna, alveg frá grunni. Hópurinn hefur farið í skemmti-

legar helgarferðir, til dæmis í Reykjanes og á Núp og svo eru bæði árshátíðir og handverks-sýningar.

Veiðimenn athugið

Öll skotveiði og meðferð skotvopna er stranglega bönnuð í Laugardal og Efstadal í Ísafjarðardjúpi.

Landeigendur.



Tónlistin gerir lífið fallegt

Freysteinn Gíslason Ísfirðingur og bassaleikari í Haag

Bassaleikarinn Freysteinn Gíslason er einn af fulltrúum yngri kynslóðar íslenskra jazz-leikara. Hann er við nám við Konunglega tónlistarskólann í Haag í Hollandi og semur tónlist af miklum móð. Nú í ágúst var hann staddur hér á landi til að spila á Jazzhátíð Reykjavíkur ásamt kvartettinum sem hann leiðir, Sons of Gíslason, sem skipaður er af samnemendum hans úr skólanum. Tónleikar kvartettsins voru vel sóttir og var gerður góður rómur að þeim.

Freysteinn notaði tækifærið og skellti sér til heimahagana á Ísafirði meðan hann dvaldi á landinu og hitti blaðamann Bæjarins besta yfir kaffibolla og spjallaði

um tónlistina, lífið í Hollandi og sitthvað fleira.

Freysteinn hefur verið í Konunglega tónlistarskólanum í þrjú ár og á þar eftir eitt ár í að fá BA-gráðu. Hann hefur þó ekki í hyggju á að láta staðar numið þar og hyggur á meistaranám að svo loknu.

„Það er að segja ef lífið grípur ekki í taumana. Ég hef lært að maður á aldrei að festa sig um of í einhverjum áætlunum þar sem lífið fer oft sínar eigin leiðir. Ég var til að mynda ákveðinn í að verða arkitekt er ég gjörbreytti um stefnu og fór í Tónlistarskóla FÍH (Félags íslenskra tónlistamanna innskot blaðamanns). Þá var ég fluttur suður og var í Iðn-

skólanum. En hlutirnir breyttust í kjölfar þess að pabbi, sem ég bjó hjá á þeim tíma, ákvað að flytja til Írlands þar sem hann vildi breyta til. Á svipuðum tíma bauð vinur minn Elvar Atli Ævarson mér að vera með í tríói sem hét Nóvember ásamt Gunnari Frey Hilmarssyni. Svo stofnaði ég og Elvar ásamt Hreini Elíassyni tríóið Sans Coulot. Nafnið á tríóinu var tilvísun í frönsku byltinguna og við spiluðum tilraunakennda rokk-tónlist. Ég fann hvað spila-mennskan átti vel við mig og ákvað því að spreyta mig í FÍH og sé ekki eftir því í dag. Það voru samt viðbríði að þurfa að fara að búa einn og beita sjálfan sig hörku til að læra en það fer

óhemju mikill tími í hljóðfærið þegar maður er í tónlistarnámi. Ég hafði nú aldrei verið sérstakur námsmaður er ég var yngri en þarna fann ég eitthvað sem virkilega vakti áhuga minn og lét mig vilja standa mig vel,“ segir Freysteinn en hann stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH á kontrabassa og rafbassa í sex ár.

Er Freysteinn hélt burtfarar-tónleika sína árið 2012 voru eingöngu flutt frumsamin verk en hann segist hafa mikið yndi af tónsmíðum.

Bassinn valdi hann

– Hvað varð til þess að þú valdir bassa sem þitt hljóðfæri? „Í raun og veru var það bassinn

sem valdi mig ekki öfugt. Upphaflega vantaði bassaleikara fyrir ísfirsku hljómsveitina Niðurgang sem nokkrir félagar mínir höfðu sett saman. Ég bauð mig fram og byrjaði í kjölfarið að spila á rafbassa.“

Á unglingsárunum stundaði Freysteinn bassanám hjá Friðrik Lúðvíkssyni við Tónlistarskóla Ísafjarðar og kom þá margoft fram á tónleikum skólans við ýmis tækifæri, m.a. í jazzhljómsveit skólans sem þá var starfandi. Hann flutti einnig gjarnan frumsamin lög, ýmist eftir sjálfan sig eða ýmsa félaga sína sem einnig stunduðu nám við skólann.

„Ég ætlaði mér alltaf að verða

rafbassaleikari og það var ekki fyrr en í FÍH sem ég kynnst kontrabassa og í skólanum í Haag sem ég fór að spila af alvöru á kontrabassa. Þar lærir maður inn á þessi almennu grundvallaratriði sem tengjast jazz-tónlist og allflestir jazz-tónlistarmenn þekkja. Þannig gæti ég hitt í fyrsta sinn tónlistarmann úr öðru heimshorni sem byggi yfir sama grunni og við tekið saman nokkra standa. Það er frekar svalt að geta það, næstum eins og tungumál sem tónlistarmenn skilja þó þeir skilji ekki hvorn annan á neinn annan hátt.“

Margir af félögum Freysteins úr Tónlistarskólanum á Ísafirði hafa farið í nám erlendis og segir Freysteinn mikla grósku vera meðal íslenskrar tónlistar.

„Mér finnst eins og alltaf sé meira um það að Íslendingar fari erlendis í tónlistarnám enda er það mun auðsóttara nú en á árum áður. Hlúð er vel að ungum tónlistarmönnum í Tónlistarskólanum á Ísafirði og ég held að það hafi mikil áhrif á hversu flotta tónlistarmenn við eigum fyrir vestan. Ég held líka að fólk sé orðið meðvitaðra um það að hægt er að lifa á tónlistinni en ekki bara hafa hana til hliðar sem áhugamál eins og fjölmargir hafa gert. Þetta er að sjálfsögðu hörkupúl og margir sem gefast upp. Eins og einn kennarinn minn sagði eitt sinn þá eru margir afar hæfileikaríkir tónlistarmenn sem flosna upp úr náminu. Þeir eru það hæfileikaríkir að þeir hafa aldrei þurft að hafa neitt fyrir hlutunum. Hins vegar þarf maður að eyða svo miklum hluta tímans í hljóðfærið ætli maður að ná raunveruleum árangri. Æfingin gerir meistaran og stundum þarf einmitt þrotlausar æfingar til.“

Kynntist jazz fyrst í Tomma og Jenna

– Hefurðu alltaf aðhyllst jazz?
„Nei allsekki, ég fylgdi straumnum á unglingsárunum og fílaði það sem félagarnir voru að hlusta á eins og Guns N’ Roses og Metallica. Ég tel mig reyndar vera algjöra alætu á tónlist og finn eitthvað í hverjum tónlistarflokk sem ég kann að meta. Hver og ein tónlistargrein hefur sína kosti. Ég hafði í raun aldrei spáð neitt sérstaklega í jazz fyrr. Fyrsta sinn sem ég heyrði jazz var í teiknimyndunum um Tomma og Jenna, eins og svo margir aðrir. Ég áttaði mig þá ekki einu sinni á því að þetta væri jazz. Ég man samt hvað mér fannst flott þegar Tommi var að reyna við skvísur að það var spilað á bassa undir, það var eitthvað svo töff við það. Þetta var að sjálfsögðu áður en ég fór sjálfur að spila á bassa.“

En í gegnum árin hef ég lært að meta jazz alltaf meira og meira. Í dag hlusta ég mikið á píanó-trío enda er píanó upphaldshljóð-



færið mitt. Það hefur allt sem það þarf að bera, bassa, háu nóturnar og allt þar á milli.“

Freysteinn segist alltaf vera með eitthvað tónverk í smíðum.

„Það er mikil vinna að baki því að semja eitt stykki lag og manni finnst maður eiginlega aldrei vera búinn að fullklára verkið. Stundum verður maður því bara

að sleppa af því takinu til að geta hafist handa við það næsta. Ég hef alltaf frá því ég var krakki verið mjög skapandi og hef mjög ríka þörf fyrir það. Tónlistin á því mjög vel við mig og góð leið til að fá útrás fyrir sköpunargáfuna. Tónlistin mín er blanda af póströkki allt til klassískrar tónlistar sem myndi eflaust flokkast undir

tilraunakenndan jazz ef ég ætti að útskýra það betur. Hún getur farið frá því að vera mjög falleg yfir í mikinn hávaða sem einkennist af frjálstri spilamennsku“

Missti af fluginu og inntökuprófinu

Freysteinn segist kunna afar vel við sig í Hollandi en minnstu mun-

aði að hann yrði af skólagöngunni í Haag.

„Ég sótti um í nokkrum skólum og ferðaðist víða um Evrópu til að spila í inntökuprófum. Ég hafði mestan hug á því að fara til Kaupmannahafnar eða þá til Svíþjóðar en fékk ekki inni þar. Svo þegar kom að því að fara til Haag í inntökuprófið mitt í Kon-



unglega tónlistarskólann varð ég veikur, svaf yfir mig og missti af fluginu. Niðurbrotinn lét ég vin minn sem gekk í þann skóla vita að ég hefði klúðrað þessu. Hann hvatti mig til þess að reyna að komast engu að síður en það var um seinan, ég var of veikur og eina leiðin hefði verið að ferðast alla nóttina. Ég gaf því þann möguleika upp á bátinn og var verulega sorgmæddur yfir því. En hann Magnús Torfi Magnússon gafst ekki upp og fór og spurði kennarana við skólann hvort það væri engin leið að redda þessu fyrst þetta fór á þennan veg. Hann lagði til að þeir myndu meta mig með því að hlusta á upptökur af mér. Þeir féllust á það og allt í einu fékk ég tilkynningu um að ég hefði fengið inngöngu í skólann. Ég og annar frá Belgíu komumst inn en ég var tekinn inn vegna hljóðritana sem ég hafði sent með umsókninni til skólans. Ég var bæði mjög hissa og himinlifandi en þarna var það enn á ný lífið og góðir vinir sem stýrðu mér í rétta átt.“

Furðaði sig á eigin fordómum

–Var eitthvað sem kom þér á óvart við að flytja út til annars lands?

„Ég kann mjög vel við mig í Hollandi en umgengst að mestu nemendur í skólanum sem eru alls staðar að úr heiminum. Ég get því ekki sagt að ég sé mjög dómbær á hefðbundið líf í Hollandi. En það sem kom mér helst á óvart voru eigin fordómar sem ég bjó yfir. Ég hafði alltaf talið mig mjög víðsýnan og fordómalausan en fyrst eftir að ég kom út og hitti múslima voru mín fyrstu viðbrögð að halda að þeir vildu mér eitthvað illt. Sem var auðvitað haugavitleysa, þeir voru bara að sinna sínu og höfðu engan áhuga á vandræðum frekar en ég. En það að mér skyldi detta þetta í hug kom mér svolítið í opna skjöldu. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að umræðan og staðalfimyndir skyldu ómeðvitað hafa svona mikil áhrif á mann. Það sem ég hef kynnst úti er að allir eru bara að reyna sitt besta og vilja engum illt, sama hvaða trú þeir aðhyllast eða frá hvaða landi þeir eru.

Hins vegar kom það mér

á óvart er ég kom í skólann hversu hæfileikaríkir allir voru. Ég var með elstu nemendunum og allir svo ótrúlega góðir og metnaðarfullir. Eiginlega á allt öðrum kaliber en maður átti að venjast. Alveg ótrúlega flottir tónlistarmenn.

Öll kennslan fer fram á ensku og ég hef því ekki lært hollensku eða frísnesku en þessi tvö tungumál eru viðurkennd í landinu. En landið er fagurt og ég hef getað ferðast aðeins um það.

Haag er þriðja stærsta borgin í Hollandi á eftir Amsterdam og Rotterdam og því voru nokkur viðbrögð að flytjast hingað frá litla Íslandi. Hún er þó ekki það stór ef miðað er við stórborgir en þar búa um 500 þúsund manns. Konungsfjölskyldan er með aðsetur í Haag og er stjórnsýslan rekin þaðan þó svo að Amsterdam sé höfuðborg Hollands. Þar er líka Alþjóðadómstóllinn og Europol með aðsetur.“

Hamingjan býr í draumunum

Kvartett Freysteins, Sons of Gíslason, var stofnaður í

Hollandi og hefur komið þar fram í allmörgum tilfellum. Auk þess að spila á Íslandi í ágúst eru þeir á leið til Litháen til að spila á Vilnius jazz festival sem er alþjóðleg, árviss tónlistarhátíð sem haldin hefur verið í hátt í tvo áratugi í höfuðborg landsins eins og nafnið ber með sér.

„Við kynntumst í skólanum og höfum verið að spila saman í skorpum í tvö og hálft ár. Mestmegnis höfum við verið að spila á námsmannastaðnum Kikker í borginni sem er mjög fínt og góð æfing fyrir okkur að koma þar fram. Kvartettinn er skipaður tveimur Íslendingum og tveimur Litháum en auk mín eru það Manvydas Pratkelis, Augustas Baronas og Ingi Bjarni Skúlason. Mér fannst þeir allir hafa eitthvað sem gæti gert tónlistina mína betri. Við erum búnir að hlaða upp nokkrum lögum á Soundcloud þar sem áhugasamir geta hlustað á það sem við höfum að bjóða, fólk þarf bara að slá inn slóðina soundcloud.com/freysteinnng. Vonandi munum við svo fá sem flest tækifæri til þess að koma fram og spila fyrir fólk því

það er með því skemmtilegasta sem ég geri.

Freysteinn hefur í hyggju að vera áfram í Hollandi eftir að hann hefur fengið Bachelor Arts-gráðuna að ári liðnu og hefur mikinn áhuga á því að fara í meistaranám.

„Ég hef metnað til þess að fara lengra í tónlist enda er það hún sem heldur mér gangandi og gerir lífið svona fállegt. Að fylgja draumum sínum er eitthvað sem allir ættu að gera, hamingjan býr í draumunum og það er eitthvað sem allir sækjast eftir. Ef það er eitthvað sem ég hef lært þá er það að maður á aldrei að láta segja sér að maður geti ekki gert hlutina, ég held að oft sé það maður sjálfur sem heldur aftur af sér. Mér er mjög minnisstætt þegar fósturpabbi minn, Hjalti Þórðarson, sagði mér eitt sinn að hann hefði alltaf langað til að verða rafeindavirki. Ég hugsaði með mér af hverju hann hefði þá ekki orðið það þar sem hann hefur alla burði í það. Ég ákvað þá með sjálfum mér að vakna ekki upp einn daginn og sjá eftir því að hafa ekki látið draumana rætast.“

T.Hj.



Eggert, Pétur, Hrafnkell og Valgeir.

Rífandi gangur hjá Rythmatik

Bæjarins besta dreif sig á tónleika með vestfirsku hljómsveitinni Rythmatik sem haldnir voru á Dillon á laugardaginn. Salurinn var þéttsetinn og fengu strákarnir góðar undirtektir enda eru þetta hæfileikaríkir tónlistarmenn og tónlistin létt og skemmtileg. Hljómsveitina skipa þeir Hrafnkell, Pétur og Valgeir úr Súgandafirði og Eggert frá Súðavík.

Hljómsveitin sigraði Músíktilraunir í vetur og hefur það gefið þeim byr undir báða vængi. Þeir hafa í sumar spilað á hinum ýmsu hátíðum eins og með Diktu á Húrra, Eldi í Húnaþingi, 17. júní bæði í Reykjavík og Kópavogi. Einni með öllu á

Akureyri, Mýraboltanum og á þremur stöðum á Menningarnótt, framundan er svo að spila á Iceland Airwaves.

Þeir fóru til Frakklands í júní á vegum Hins Hússins og til Þýskalands í júlí. Tónleikarnir í þessum ferðum voru vel heppnadir og fjölsóttir.

Fyrsta lagið „Sleepy head“ kom út í sumar og rataði það á vinsældarlista X-ins og Rásar 2 og fljótlega munu þeir senda frá sér annað lag. Annars eru upptökur hafnar fyrir fyrstu „plötuna“ sem mun koma út í haust.

Hægt er að fylgjast með hljómsveitinni á facebook síðu þeirra og að sjálfsögðu bíða Vestfirðingar spennir eftir fyrsta disknum.



Hrafnkell.



Eggert og Valgeir Skorri.



Sportið í beinni...
fimmtudagur 3. september
 15:50 Azerbaíjan - Króatía
 18:00 Demantamótið í Zurich
 18:35 Belgía - Bosnía-Herzeg.
 18:35 Tyrkland - Lettland
 18:35 Tékkland - Kazakstan
 21:45 Holland - Ísland

föstudagur 4. september
 15:50 Georgía - Skotland
 18:30 Deutsche Bank Champ.
 Golf - PGA Tour
 18:35 Danmörk - Albanía
 18:35 Þýskaland - Pólland
 18:35 Færeyjar - N.-Írland

laugardagur 5. september
 08:50 Formúla 1:
 Æfing - Ítalía
 11:50 Formúla 1:
 Tímataka - Ítalía
 15:50 Úkraína - Hv. Rússland
 15:50 San Marínó - England
 15:50 Rússland - Svíþjóð
 18:30 Deutsche Bank Champ.
 Golf - PGA Tour
 18:35 Austurríki - Moldavía
 18:35 Sviss - Slóvenía
 18:35 Spánn - Slóvakía
 02:00 UFC 191:
 Johnson vs. Dodson 2

sunnudagur 6. september
 11:30 Formúla 1: Ítalía
 15:50 Noregur - Króatía
 15:50 Tyrkland - Holland
 15:50 Lettland - Tékkland
 17:00 Deutsche Bank Champ.
 Golf - PGA Tour
 18:35 Kýpur - Belgía
 18:35 Ítalía - Búlgaría
 21:45 Ísland - Kazakstan

mánudagur 7. september
 15:30 Deutsche Bank Champ.
 Golf - PGA Tour
 15:50 Armenía - Danmörk
 18:35 Skotland - Þýskaland
 18:35 Finnland - Færeyjar
 18:35 Rúmenía - Grikkland
þriðjudagur 8. september
 18:35 Slóvakía - Úkraína
 18:35 Svíþjóð - Austurríki
 18:35 England - Sviss

Helgarveðrið

Á föstudag
 Norðvestlæg átt, 5-10, skýjað og úrkomulítið, en bjart með köflum A-lands. Hiti 4 til 15 stig, svalast NA-til en hlýjast á SA-landi
Á laugardag:
 Sunnan 8-13 m/s og rigning vestanlands en hægari og bjartviðri A-til. Hiti 10 til 15 stig, hlýjast á austanverðu landinu.
Á sunnudag:
 Ákveðin sunnan átt og rigning S- og V-lands, annars þurrt að kalla. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast NA- og A-lands.

Krossgátan


		VÍÐÓMUR	RÍKI	ILMUR	Í RÖÐ	ÞÚSUND	LÍÐA VEL	HROKI
	STUTTUR							
	NÓTA					SKST. HRAPA		
	GRÖM				VÍÐMÓT SÆRA			
	HNÝTA ÞVENG						Í RÖÐ	
	SKJÓTUR							
	↓	FJÖL- BREYTNÍ	SIGTI BARDAGI			TRJÁ- TEGUND FLATBAKA		
ÁBURÐUR						FLÍK HÖFUNDUR		SNERIL
BAUN					HLIÐ GÁSKI			ADALS- TITILL
ÁTT			YRKJA SÝKING				REYNDAR ROMSA	
LOFT				FLAN			TEYGJA ÓVILD	
ANGAN				RÓLEGUR MILDUN				DIMMT
		SLÆMA STÖÐVUN				SAMTALS UNDIREINS		
BETRUN					LEIKTÆKI ÓSKA			ELDHÚS- ÁHALD
VAFI			NÁKOMIÐ FARFA				BLÓM SAMTÖK MÁNUÐUR	
VONDUR						HAND- LEGGUR		
KÆR						SEFAST		
SIGAÐ				TRÉ				

BÍLAVERIÐ ehf
 Hjólbarðapjónusta
 Smurpjónusta
 Smáviðgerðir
 Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
 Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is
HEKLUSALURINN
 Nýir bílar og notaðir
 Þjónusta í heimabyggð frá 1983

		9				6	1	
					1	7		4
4		6		7				
3		8						6
					6		3	2
1					8			7
			6	5		4		
		5	2					
7	8					9		

					1			
6	1		3	9				5
				4	2	3	1	
		6	7				4	
1		8		3		2		
	5		1	6			9	3
4								
3						5	2	4
5			8	7	4		3	1



Eigendur Hótelis Núps í Dýrafirði hafa boðið Eygló Harðardóttur velferðarráðherra að nýta Núp í Dýrafirði til að taka á móti flóttamönnum frá Sýrlandi. Mikill þungi er í samfélaginu vegna ástandsins í Sýrlandi og á landamærum Evrópu þar sem fjöldi fólks deyr á hverjum degi við að reyna að flýja stríðið í Sýrlandi. Ríkisstjórnin áætlar að taka á móti 50 flóttamönnum og finnst mörgum það lítið miðað við umfang vandans. Mikil virkni er á Facebooksíðunni *Kæra Eygló – Sýrland kallar* þar sem fólk býður fram húsaskjól og aðra aðstoð við móttöku á flóttamönnum.

Guðmundur H. Helgason, hóteltjóri á Núpi segir að Ásta Hafberg aðstoðarhóteltjóri hafi átt frumkvæðið að hugmyndinni. „Hún bar þetta undir okkur bræður og við sáum þessu ekki neitt til fyrirstöðu, en við gerum þetta ekki ein, ríki og sveitarfélög verða að vera með okkur,“ segir Guðmundur.

Hann segir að Núpur standi að mestu leyti tómur í vetur. „Það gæti verið hægt að taka á móti 30 konum með 50–60 börn og ekkert endilega bara konum, ég ímynda mér bara að neyðin sé mest hjá einstæðum konum. Hér eru herbergi og kennslustofur og mótuneyti og allt til alls,“ segir hann.

Hann sér fyrir sér að Núpur

gæti verið fyrsta stopp þar sem flóttafólk fær nokkurs konar neyðaraðstoð og fyrstu kennslu í málinu. „Svo væri komið að sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Þau gætu tekið fólkið að sér að í hlutfalli við stærð byggðarlag-

anna,” segir Guðmundur.

Hann segir að Ásta hafi sent Eygló Harðardóttur póst með tilboðinu og jafnframt hefur hún rætt við Örnú Láru Jónsdóttur, formann bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

OG

JARÐAR

Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

**Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði**
www.verkvest.is



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- *sjálfbær nýting sjávarauðlinda*

smáar

Húslykill fannst um síðustu helgi bak við Fjarðarstræti 2-4. Þeir sem telja sig eiga hann geta vitjað hans á Lögreglustöðinni eða í síma 822 6490.



Síminn

Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

siminn.is/sinfonian

Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Fyrstu tvennir tónleikarnir verða sendir út í opinni dagskrá:

- Þann **3. september kl. 19:30** opnar okkar ástsæli **Kristinn Sigmundsson** tónleikaárið með öllum uppáhaldsáriðnum sínum af glæstum ferli hjá helstu óperuhúsum heims.
- Þann **17. september kl. 19:30** munu nokkur dádustu verk Mozarts og Beethovens hljóma á tónleikum sem helgaðir eru Vínarmeisturunum miklu.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

Pantaðu áskrift í síma 800 7000.

